

1864.  
25. maí.

svo er ástatt, sem nú er, verða mjög þungbær jafnaðarsjóðum amtanna. En ef ástandið hefir breytzt síðan þér, herra stípt-  
amtmaður, senduð hingað hina síðustu skýrslu yðar, svo að nú  
sé ástæða til að óttast fyrir, að sýkin geti útbreiðzt til hinna  
amtanna, þá skorar stjórnarráðið á yður að hlutast til um, eptir  
samkomulagi við hina tvo amtmennina, að tryggilegir verðir verði  
skipaðir samkvæmt ofangreindri bænarskrá.

25. maí.

#### 41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um reikninga fyrir Möðrufells spítalasjóð.

Um leið og þér senduð hingað nokkur prentuð exemplör af yfirliti yfir tekjur og gjöld hins íslenzka læknasjóðs (spítala-  
sjóðanna) árið 1862, að undanskildum reikningi Möðrufells spítala,  
hafði þér, háæruverðugi herra, í bréfi 17. dag nóvemberm. f. á.  
bent dómsmálastjórninni á, hvort ekki muni vera hagfelldast,  
að reikningarnir yfir eignir allra fjögra spítalanna, sem tilsamans  
teknar eru hinn svo kalladi læknasjóður, séu á ári hverju prent-  
aðir í einu lagi; hafði þér og farið þess á leit, að stjórnarráðið,  
ef svo skuli vera, hlutist til um, að amtmaðurinn yfir norður-  
og austurumdæminu sendi yður í tækan tíma ársreikninginn  
yfir eignir Möðrufells spítala, til þess þér einnig getið undir-  
skrifað hann og látið prenta hann með hinum spítalareik-  
ningunum.

Um þetta efni skal yður hér með kunngjört, yður til leið-  
beiningar, að stjórnarráðið fellst á bendingu yðar, þá er að ofan  
er getið, og að amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu  
hefir í dag verið ritað um, að senda yður í tækan tíma árs-  
reikning fyrir spítala þann, sem hann hefir stjórn yfir.